

REGLUGERÐ

um brottfall reglugerðar nr. 148/2007 um sölu heyrnartækja.

1. gr.

Reglugerð nr. 148/2007, um sölu heyrnartækja, er felld úr gildi.

2. gr.

Aðilar sem hlotið hafa rekstrarleyfi samkvæmt reglugerð nr. 148/2007, um sölu heyrnartækja, teljast hafa hlotið staðfestingu landlæknis, samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 786/2007, um eftirlit með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur. Fer framvegis um réttarstöðu þeirra samkvæmt reglugerð nr. 786/2007 við veitingu heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 7. og 8. gr. laga um Heyrnar- og talmeinastöð, nr. 42/2007, 24. gr., 5. mgr. 26. gr. og 38. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, og 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. laga um landlækni, nr. 41/2007, öðlast gildi 15. apríl 2024.

Heilbrigðisráðuneytinu, 7. mars 2024.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 2. apríl 2024